

67. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins í helstu stjórnunarstöður, s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

68. gr.

Viðkomandi ráð og nefndir ráða aðra fasta starfsmenn, en þá sem greinir í 67. gr. að fenginni umsögn forstöðumanns, nema á annan veg sé mælt fyrir í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

69. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

70. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar nr. 596/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar, sbr. rgl. nr. 300/1993, orðist svo:

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíða fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipum erlendis frá er, að niður falli veiðileyfi og endurnýjunarréttur skips eða skipa af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu, gagnert vegna þeirra skipa sem lánað er til, enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Arni Kolbeinsson.